

Þriðjudaginn 7. desember 1954.

Nr. 24/1954. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Ingvari Diðrik Júníussyni (Theodór B. Líndal)

og

Hauki Sigurjónssyni (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 206. gr. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum á hvor hinna ákærðu að greiða málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar eiga ákærðu að greiða in solidum, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.500,00.

Það er aðfinnsluvert, að heitfesting vitna hefur í saka-dómi Reykjavíkur verið látin undir höfuð leggjast.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 1.800,00. Ákærði Haukur Sigurjónsson greiði málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Einar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1.800,00. Ákærðu greiði in solidum allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. október 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 20. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4121—22/1953: Ákærvaldið gegn Ingvari Diðriki Júníussyni og Hauki Sigurjónssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 26. ágúst sl., eru ákærðu, Ingvar Diðrik Júníusson sjómaður, Arnarhóli við Breiðhóltsveg, og Haukur Sigurjónsson sjómaður, Leifsgötu 4, báðir hér í bæ, ákærðir fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, og að því er Ingvar Diðrik varðar sérstaklega, fyrir fjárdrátt samkvæmt 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, með því á tímabilinu júlí—október 1952 að koma karlmönnum, aðallega erlendum hermönnum og sjómönnum, í kynni við stúlkur og láta þeim í té húsnæði til holdlegs samræðis og annarra kynferðismaka í herbergi, sem meðákærði Haukur hafði á leigu á Leifsgötu 4 í Reykjavík, gegn þóknun frá karlmönnunum í peningum eða áfengi, tóbaki o. fl., og að því er Ingvar Diðrik varðar sérstaklega, með því að taka hinn 20. okt. 1952 við 150,00 kr. frá Lt. O'Neal til kaupa á áfengi fyrir hann og drekka síðan hið keypta áfengi sjálfur án þess að standa skil á andvirðinu.

Ákærast því nefndir Ingvar Diðrik Júníusson og Haukur Sigurjónsson til að sæta refsingu samkvæmt framangreindum hegningarlagaákvæðum, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson er fæddur 21. nóvember 1933 í Keflavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1951 1/6 Rvík. Áminning fyrir ölvun á almannafæri.
1952 9/4 Rvík. Dómur, 8 mánaða fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. hegnl., bifreiðal. og umferðarl. Sviptur rétti til ökuskirteinis í 6 mánuði.

1952 16/4 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.
1953 16/1 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengisl.
1953 2/6 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengisl.

Haukur Sigurjónsson er fæddur 12. júlí 1931 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1950 9/2 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 256. gr., 2. mgr., hegningarl.
1950 5/1 Rvík. Kærður fyrir brot á 22. kafla hegningarl. Fellt niður með stjórnarráðsúrsk. 6/3 1950.
1950 10/2 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.

- 1951 19/2 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðal.
- 1951 6/4 Rvík. Áminning fyrir vöntun á skrásetningarmerki bifreiðar.
- 1951 18/5 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir vöntun á skrásetningarmerki.
- 1951 13/6 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 26. gr. bifreiðal.
- 1951 15/6 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði og vanrækslu á að færa bifreið til skoðunar.
- 1952 9/4 Rvík. Dómur, 5 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

Málavextir eru þessir:

I.

Í júlí- eða ágústmánuði 1952 tók ákærði Haukur Sigurjónsson eitt herbergi á leigu í bakhúsi á Leifsgötu 4 hér í bæ, en Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson bókbindari, þar til heimilis, hefur séð um húseign þessa og leigt út nokkur herbergi í bakhúsinu. Greiddi ákærði Haukur kr. 300,00 í húsaleigu á mánuði til sl. áramóta. Stúlka að nafni Hulda Bergsdóttir, starfandi í Fiskiðjuveri ríkisins, bjó í næsta herbergi við ákærða Hauk í greindu bakhúsi. Kvartaði hún undan því við Gunnlaug Þorvald, að ákærði Haukur drægi til sín í herbergi sitt hermenn og stúlkur, og hefði hávaði og óþægindi orðið af því. Talaði Gunnlaugur Þorvaldur við ákærða Hauk um þetta, og lofaði hann að fara úr herberginu 1. desember sl., og endurgreiddi Gunnlaugur Þorvaldur honum þá húsaleiguna fyrir desembermánuð.

Verða nú raktir framburðir þeirra vitna, er borið hafa í málinu og máli skipta.

Vitnið Hulda Bergsdóttir, 28 ára að aldri, hefur borið, að það hafi búið í greindu bakhúsi á Leifsgötu 4 síðan í júlí f. á. Vitnið kveður allsukksamt hafa verið í herbergi ákærðu í húsinu á sl. hausti, einkum um helgar og á miðvikudagskvöldum, en þá hafi komið þangað margar íslenskar stúlkur og hópur af hermönnum. Ein af stúlkunum hafi verið kölluð Gréta og önnur Jonný. Vitnið kveðst aldrei hafa komið inn í herbergi ákærðu, en það hafi orðið sjónarvottur að faðmlögum stúlkna og hermanna í skotum í gangi hússins. Á kvöldin og næturnar hafi vitnið ekki komizt hjá því að heyra sitt af hverju af samtali þessa fólks og ákærðu. Hafi vitninu skilizt á samtölunum, að ákærðu næðu í stúlkur handa hermönnum og að þeir greiddu ákærðu peninga fyrir útvegum stúlkna, en það hafi þó aldrei heyrt ákveðnar fjárhæðir nefndar. Hermennirnir hafi lagt til áfengi eða peninga fyrir því, og hafi þeir svo og stúlurnar og ákærðu neytt þess í herberginu og þau oft orðið ölvuð.

Vitnið kveðst einu sinni hafa heyrt hermann segja við annan hvorn ákærða, líklega ákærða Hauk, að hann (hermaðurinn) væri búinn að greiða honum peninga, og mætti ákærði ekki svíkja hann, heldur útvega honum tvær stúlkur, og ef honum líkaði þær ekki, þá að fá þá þriðju, sem hann máske vildi nota („use the girl“). Hafi vitninu skilizt, að hér væri átt við samfarir við stúlkuna. Einnig kveðst vitnið oft hafa heyrt úr herbergi sínu ákærðu spyrja hermenn í ganginum að því, hvort þeir hugsuðu sér eða ætluðu að hafa samfarir við stúlkur, sem væru í herbergi þeirra. Hafi ákærðu notað orðalagið: „Are you going to fuck her?“ Þá hafi hermenn haft orð á því við ákærðu á ganginum, að þeir væru búnir að hafa samfarir við stúlkur í herberginu, og hafi hermennirnir þá látið í ljós, hvernig þeim hafi líkað við stúlkurnar til samfara. Hafi samtöl hermanna og ákærðu á ganginum snúizt fyrst og fremst um samfarir hermanna og stúlkna í herberginu. Allur þessi ólífnaður og hávaði og vökur hans vegna hafi knúið vitnið til að kvarta við húsráðandann undan hegðun ákærðu.

Vitnið Magnea Hulda Magnúsdóttir frammistöðustúlka, 28 ára að aldri, hefur borið, að það hafi búið í bakhúsinu síðan 1. október f. á. Stúlkur og hermenn hafi oft komið í herbergi ákærðu í húsinu, einkum á miðvikudögum og um helgar og dvalizt þar fram eftir kvöldi. Stúlkurnar hafi verið margar og yfirleitt hinar sömu, og hafi vitnið einkum heyrt nöfn þriggja: Jonnýjar, Grétu og Steinu. Áfengi hafi þarna verið um hönd haft, og muni stúlkurnar aðallega hafa neytt af því. Vitnið kveðst oft hafa heyrt á samtöl þessa fólks frammi á gangi hússins. Eitt sinn hafi það heyrt ákærðu segja þar við hermenn, að hermennirnir ættu að greiða þeim peninga, en ekki hafi það heyrt ákveðnar fjárhæðir tilgreindar. Einu sinni hafi vitnið heyrt hermann segja við ákærða Hauk, að hann (hermaðurinn) væri búinn að greiða honum peninga fyrir að útvega honum tvær stúlkur og sú þriðja gæti verið „extra“. Hafi hermaðurinn sagzt skyldu drepa hann, ef hann gerði það ekki. Ákærði Haukur hafi þá farið út og komið með tvær stúlkur að minnsta kosti. Þá hafi vitnið heyrt ákærðu segja við hermenn, að þeir gætu útvegað hermönnum stúlkur, hvenær sem þeir vildu, og ef hermennirnir væru ekki ánægðir með þær, sem þeir hefðu, gætu þeir fengið aðrar, en ekki hafi þeir útskýrt þetta frekar. Hermennirnir hafi tekið þessum boðum vel. Nokkrum sinnum kveðst vitnið hafa heyrt á samtölum stúlkna, hermanna og ákærðu á ganginum, að eitt par, stúlka og hermaður, væru inni í herbergi ákærðu og hefðu samfarir. Einu sinni hafi vitnið heyrt ákærða Hauk spyrja hermann að því á ganginum, hvort hann væri búinn að hafa samfarir og hvernig honum hefði líkað stúlkna. Hermaðurinn hafi sagzt vera búinn að hafa samfarir við stúlkuna, en hann hafi verið óánægður og ekki viljað hana aftur.

Vitnið Ásdís Jónatansdóttir verksmiðjustúlka, 28 ára að aldri,

hefur borið, að það hafi búið í greindu bakhúsi síðan í septemberlok f. á. Hermenn og stúlkur hafi oft komið í herbergi ákærðu í húsinu, einkum um helgar, og dvalizt þar fram eftir kvöldi og nóttu. Hafi vitnið heyrt nöfn þriggja stúlkna: J....., G..... og Steinu. Vitnið kveðst ekki hafa komizt hjá því að heyra orðaskipti hermannna, stúlkna og ákærðu. Það hafi oft heyrt, að hermenn létu ákærðu fá peninga til áfengiskaupa, en ekki heyrt ákveðnar fjárhæðir nefndar. Einu sinni hafi það heyrt hermann biðja annan hvorn ákærðu að útvega honum tvær stúlkur, og ef hann væri ekki ánægður með þær, þá hina þriðju. Þá kveðst vitnið hafa heyrt ákærða Ingvar Diðrik segja við hermenn, hvort þeir vildu þessa eða hina stúlkuna. Hafi hermennirnir þá nefnt ákveðna stúlku og hún þá gjarna látið í ljós samþykki sitt. Vitnið geti ekki sagt um, hvort þetta hafi leitt til kynferðismaka. Einu sinni hafi ákærði Ingvar Diðrik frekar en Haukur verið staddur á gangi hússins, og hafi hann þá spurt hermann, sem komið hafi fram á ganginn, að því, hvernig honum hefðu líkað samfarirnar, en það muni hafa verið fyrrgreind G....., sem átt hafi verið við. Hermaðurinn hafi látið vel yfir. Nokkru síðar hafi ákærði Ingvar Diðrik spurt hermanninn að því, hvenær hann vildi koma aftur til að hafa samfarir.

Öll vitnin þrjú, Hulda Bergsdóttir, Magnea Hulda Magnúsdóttir og Ásdís Jónatansdóttir, hafa borið, að þau hafi einu sinni verið stödd í herbergi fyrst talda vitnisins, og hafi þau þá heyrt, að hermaður og stúlka voru inni á salerni þar við hliðina, og hafi hljóð og samtöl þeirra gefið ótvírætt til kynna, að þau höfðu samfarir þar.

Vitnin Jóhanna Jónsdóttir, Þorfinnsgötu 2, og Jónína Ögmundsdóttir, Blönduhlíð 18, afgreiðslustúlkur í veitingastofunni í Austurstræti 14 hér í bæ, hafa borið, að ákærði Ingvar Diðrik hafi komið nær daglega í greinda veitingastofu og þá hitt oft hermenn og stúlkur þar inni eða verið í fylgd með þeim. Hafa vitnin nafngreint fimm af stúlkunum: J....., G....., Steinu, Dollýju og Möttu. Vitnin hafa borið, að ákærði Ingvar Diðrik hafi á sl. hausti skýrt þeim nokkrum sinnum frá „partýum“ heima hjá honum, þar sem hermenn og fyrrgreindar stúlkur væru og áfengi væri haft um hönd. Hafi hann fengið 150 eða 300 krónur hjá hermönnum fyrir „partýn“, en annars færi upphæðin eftir því, hve mikla peninga hermennirnir gætu látið af hendi. Vitnið Jóhanna kveður, að ákærði Ingvar Diðrik hafi að minnsta kosti einu sinni skýrt frá því, að þær J.... og G.... hafi haft samfarir við hermenn í „partý“ hjá honum, en vitnið Jónína kveður sér hafa skilizt á ákærða Ingvari Diðriki, að þetta hafi komið oft fyrir í „partýunum“.

Tíu stúlkur hafa borið það í málinu, að þær hafi komið í „partý“ eða heimsókn til ákærðu í bakhúsinu á Leifsgötu 4 seinni hluta sl. árs. Stúlkurnar eru þessar: J..... B..... F....., D-götu ..., Kringlumýri, f. 1935, G..... T..... R..... (G.....), starfsstúlka á P....., f. 1933, Matthildur Jónsdóttir,

starfsstúlka, Sörlaskjöldi 36, f. 31. október 1933, Erla Guðjónsdóttir (Dollý), starfsstúlka, Sörlaskjöldi 36, f. 20. september 1933, Tómasína Jörunn Stefánsdóttir (Jóa), Trípólíkamp 23, f. 29. október 1936, Esther Kristín Helgadóttir, Nesvegi 53, f. 27. júní 1935, Soffía Emilía Richter, starfsstúlka á Kleppi, Langholtiavegi 112, f. 2. ágúst 1934, Millý Jóna Jósefsdóttir, Langholtiavegi 104, f. 1. ágúst 1934, Steina Pálína Haraldsdóttir, Langholtiavegi 141, f. 2. janúar 1934, og Óla Óladóttir, starfsstúlka, Eskihið 9, 21 árs að aldri, allar til heimilis í Reykjavík. Þessar stúlkur eru flestar eða allar kunningja-stúlkur. Komu þær í „partý“ heima hjá ákærðu, sumar tvisvar til þrisvar, en aðrar oft á tímabilinu frá ágúst til október f. á. Voru þær oftast tvær eða fleiri saman og í fylgd með hermönnum og ákærðu, öðrum eða báðum, en stundum komu þær þangað einar, og voru þá hermenn þar fyrir. Einnig kom fyrir, að erlendir sjómenn væru þarna mættir. Hermennirnir voru alltaf nýir og nýir. Áfengi var allajafna veitt, og útveguðu hermennirnir það, og varð oft úr ölvun. Stundum kom til faðmlaga og kossa milli hermanna og stúlkanna. Stúlkunum ber saman um, að þær viti ekki til þess, að ákærðu hafi fengið peninga hjá hermönnum nema til áfengiskaupa. Þó kveður vitnið J. B. F., að ákærði Ingvar Diðrik hafi látið orð falla um, að það gæti vel verið, að hann gæti fengið peninga fyrir að „redda stelpum í partý“ með hermönnum heima hjá sér.

Vitnið J. B. F. hefur viðurkennt að hafa að minnsta kosti í þrjú skipti og í hæsta lagi fimm skipti haft samfarir við hermenn í fyrrgreindum „partýum“ ákærðu. Í sum skiptin hafi það verið við sama hermenninn, en í önnur skiptin ekki við þann sama. Ákærði Ingvar Diðrik hafi allajafna verið þá í herberginu með vitninu S. L. Hann hafi ekki á nokkurn hátt hvatt vitnið til samfaranna. Þá hefur vitnið G. T. R. viðurkennt að hafa í tvö til þrjú skipti haft samfarir í herbergi ákærðu við hermenn, sem það hafi þá verið með (vitnið Robert Carrol Smith). Ákærði Ingvar Diðrik hafi þá einnig verið með stúlku í herberginu, en hann hafi ekki hvatt vitnið til samfaranna. Enn fremur hafa vitnin J. B. F. og E. T. borið, að þær hafi í september og október f. á. haft umrætt herbergi á Leifsgötu 4 á leigu fyrir 300 krónur á mánuði. Hafi þær þá verið með varnarliðsmönnum, sem hafi fengið þær til að taka herbergið á leigu, og hafi þeir greitt herbergisleiguna beint til ákærða Ingvars Diðriks. Hermennirnir hafi iðulega verið hjá vitnunum í herberginu og haft oft samfarir við þau. Hinar af stúlkunum 10 hafa neitað því að hafa haft samfarir eða önnur kynferðismök í herbergi ákærðu.

Tveir hermenn á Keflavíkurflugvelli hafa borið vitni í málinu. Vitnið Robert Carrol Smith, 21 árs að aldri, hefur borið, að það hafi nokkrum sinnum komið í „partý“ til ákærða Ingvars Diðriks.

Einu sinni eftir eitt „partýið“ hafi hann haft samfarir við stúlku, G. að nafni, sem ákærði Ingvar Diðrik hafi kynnt hann fyrir. Vitnið kveðst ekki hafa látið hann fá peninga nema fyrir áfengi og vindlingum. Vitnið hefur skýrt frá því, að einu sinni hafi ákærði Ingvar Diðrik komið til þess, þar sem það hafi verið að tala við nokkra hermenn hjá Reykjavíkurapóteki. Hafi ákærði Ingvar Diðrik þá spurt einn sjóliða, sem þar var: „You want to fuck?“ Sjóliðinn hafi þá svarað: „No, why?“ Ákærði Ingvar Diðrik hafi þá sagt: „I know where you can get a piece of ash for 10 krónur.“ Sjóliðinn hafi ekki farið í burtu með ákærða Ingvari Diðriki. Vitnið kveðst nokkrum sinnum eftir þetta hafa heyrt ákærða Ingvar Diðrik spyrja hermenn sömu spurningar og nú var greint, og hafi þá nokkrir þeirra farið með honum í hvert skipti.

Vitnið John Stephen Cole, 22 ára að aldri, hefur borið, að það hafi nokkrum sinnum komið í „partý“ í herbergi ákærða Ingvars Diðriks, en hefur neitað því að hafa haft þar samfarir. Vitnið kveðst ekki heldur hafa látið ákærða Ingvar Diðrik fá peninga nema til að kaupa áfengi fyrir, en allmikið hafi verið drukkið í „partýunum“. Þessi tvö vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Vitnið Gunnlaugur Þorvaldur Sigurðsson, sem fyrr um getur, hefur ekkert getað borið um hávaða eða óþægindi af völdum ákærðu eða um heimsóknir hermanna eða stúlkna til þeirra.

Framburður ákærðu er þessi:

Ákærði Haukur Sigurjónsson var á árinu 1952 háseti á togurum og því mikið fjarverandi úr bænum. Hann leyfði ákærða Ingvari Diðriki, sem hann þekkti, að sofa í herberginu, sem hann hafði á leigu á Leifsgötu 4, og þegar hann var ekki í bænum, hafði ákærði Ingvar Diðrik einn afnot og umsjón með herberginu. Gaf ákærði Ingvar Diðrik oft upp Leifsgötu 4 sem heimilisfang sitt, þó að hann hefði heimili hjá foreldrum sínum á öðrum stað í bænum. Á sl. hausti fór ákærði Haukur til Grænlands, og leyfði hann þá ákærða Ingvari Diðriki að leigja herbergið út hermanni fyrir 300 krónur á mánuði, og hélt ákærði Ingvar Diðrik, sem hafði verið nær atvinnulaus í tvo mánuði, leigunni.

Ákærðu héldu oft „hermannapartý“ í herberginu, og voru þeir sammála um að halda þau. Ákærði Haukur kveður, að tilgangur þeirra með þeim hafi fyrst og fremst verið sá að geta fengið ókeypis áfengi og skemmtun. Ákærði Ingvar Diðrik kveður, að tilgangur sinn hafi verið sá fyrst og fremst að vera með skemmtilegu fólki og vera í gleðskap, en hann sé ekki mikill vínmaður. Þá hafi hann langað til að læra ensku. Oft hafi sömu hermennirnir verið í „partýunum“, en stundum nýir hermenn. Þá útveguðu ákærðu stúlkur í „partýin“, og þekktu þeir þær flestar, en síðar hafi sumar þeirra komið sjálfkrafa. Eru það stúlkur þær, sem áður voru taldar.

Ákærðu hafa eindregið neitað því, að þeir hafi þegið peninga hjá hermönnum fyrir „partýin“. En hermennirnir lögðu til

áfengi, gosdrykki og vindlinga í „partýin“. Þá þágu ákærðu oft mat á veitingastofum hjá hermönnunum. Enn fremur greiddu hermennirnir bifreiðakostnað í sambandi við „partýin“. Þegar kaupa þurfti áfengi, lögðu hermennirnir út peninga fyrir því, en ákærðu önnuðust kaup á því.

Stúlkur og hermenn í „partýunum“ fundu gjarna til áfengisáhrifa, og kom þá til faðmlaga og kossa. Ákærðu hafa eindregið neitað því, að þeir hafi fengið stúlkurnar til að láta vel að hermönnunum. Þegar ákærðu þekktu hermennina, létu þeir hermennina oft fá herbergislykil og fóru sjálfir út í bæ. Þetta hafi þó ekki verið gert til að auðvelda kynferðileg mök hermanna og stúlkna.

Í fyrstu staðhæfðu ákærðu, að hermenn og stúlkur hefðu alls ekki haft samfarir í „partýunum“ eða eftir þau í herberginu. En eftir framburði vitnanna Huldu Bergsdóttur, Magneu Huldu Magnúsdóttur og Ásdísar Jónatansdóttur, sem áður getur, breyttu þeir framburði sínum.

Ákærði Ingvar Diðrik bar nú, að í „partýunum“ hafi hermenn og stúlkur „parað“ sig saman að eigin geðþóttu. Hafi þetta endað nokkrum sinnum í samförum í herberginu, og hafi þá aðrir sjaldnast farið út á meðan og ljós ekki verið slökkt. Vitnið J. B. F. hafi að minnsta kosti haft samfarir í þrjú skipti við hermenn. Í eitt skiptið hafi það dvalizt um helgi heilan sólarhring í herberginu. Hafi þá tveir hermenn og einn borgari af Keflavíkurflugvelli haft samfarir við það. Einnig hafi vitnið G. T. R. haft að minnsta kosti samfarir í fjögur skipti í herberginu, í tvö skipti við sama hermenninn, vitnið Robert Carrol Smith, í eitt skipti við annan hermenn, vitnið John Stephen Cole, og í eitt skipti við tvo blökkumenn með stuttu millibili sömu nótt. Ákærði Ingvar Diðrik kveðst alls ekki hafa hvatt vitnin til samfaranna og ekki heldur þegið fé fyrir af hermönnunum eða blökkumönnunum.

Ákærði Haukur bar, að vitnið J. B. F. hefði við eitt tækifæri haft samfarir við þrjá hermenn í herberginu og vitnið G. T. R. hefði við annað tækifæri haft samfarir við tvo blökkumenn í herberginu. Ákærði Haukur kveðst ekki hafa hvatt stúlkurnar til samfaranna og ekki þegið fé fyrir hjá mönnunum.

Ákærði Ingvar Diðrik hefur tekið fram út af framburði vitnisins Huldu Bergsdóttur, að hann kunni svo lítið í ensku, að hann geti varla átt í orðræðum við hermenn, og kannast hann ekki við að hafa spurt hermenn að því, hvort hann hefði hugsað sér eða ætlað sér að hafa samfarir við stúlku í herberginu. Þá minnst hann þess ekki, að hermaður segði við hann, að hann væri búinn að hafa samfarir við stúlku í herberginu, nema þá, að annar fyrrnefndra blökkumanna hafi haft orð á þessu. Þá hefur ákærði tekið fram út af framburði vitnisins Magneu Huldu Magnúsdóttur, að hann

kannist ekki við að hafa sagt við hermenn, að hann gæti útvegað þeim stúlkur, og ef þeir væru ekki ánægðir, þá gæti hann náð í aðrar stúlkur. Út af framburði vitnisins Ásdísar Jónatansdóttur kveðst ákærði Ingvar Diðrik minnst þess, að einu sinni hafi hann verið með hermanni í herberginu, sem beðið hafi hann um að ná í tvær stúlkur til að drekka með, og hafi hann látið ákærða fá 30 krónur fyrir leigubifreið til að sækja stúlkur. Þetta hafi verið um kl. 2 um nótt, og kveðst ákærði hafa farið snögga ferð út, en komið brátt aftur kvenmannslaus. Þá hefur ákærði Ingvar Diðrik neitað því eindregið að hafa átt í orðaskiptum þeim við sjóliða hjá Reykjavíkurapóteki, sem vitnið Robert Carrol Smith hefur borið um.

Ákærði Haukur hefur tekið fram út af framburði vitnisins Huldu Bergsdóttur, að hann kannist ekki við að hafa spurt hermenn að því, hvort þeir hefðu hugsað eða ætlað sér að hafa samfarir við stúlkur í herberginu, eða að hermaður segði einu sinni við hann, að hann væri búinn að greiða honum peninga og því mætti hann (ákærði) ekki svíkja hann, heldur útvega honum tvær stúlkur, og ef honum líkaði þær ekki, þá jafnvel þá þriðju. Ákærði Haukur hefur minnst þess að hafa spurt hermann einu sinni að því, hvort hann væri búinn að hafa samfarir og hvernig honum hefði líkað, en hermaðurinn hafði þá farið með stúlku í herbergi sitt í Hlíðahverfi. Hefði maðurinn þá sagzt hafa haft samfarir við stúlkuna.

Af málavöxtum, sem nú hafa verið raktir, er ljóst, að sannað er með framburðum margra vitna, sér í lagi stúlkunnanna á Leifsgötu 4 og að nokkru með framburðum ákærðu sjálfra, að á tíma-bílinu júlí eða ágúst til október 1952 stuðluðu ákærðu oft að því sem milligöngumenn, að hermenn og erlendir sjómenn kæmust í samband við íslenzkar stúlkur til lauslætis og drykkjuskapar, og létu þeim í té í þessu skyni herbergi, sem ákærði Haukur hafði á leigu, og var ákærðu ljóst, að karlar þessir og konur hefðu öðru hverju við þessi tækifæri samfarir saman í herberginu. Er sannað, að ákærðu fengu ókeypis áfengi og vindlinga fyrir þátt sinn í þessu svalli, og virðist vonin um þenna ávinning auk ánægju þeirra sjálfra af þátttöku í svallinu hafa verið aðaltilgangur þeirra með áður-nefndri milligöngu. Hafa þeir þannig gerzt brotlegir gegn 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

II.

Seinni hluta mánudagsins 20. október f. á. hitti ákærði Ingvar Diðrik hermann einn af Keflavíkurflugvelli, Lt. F. H. O'Neal að nafni, inni á veitingastofunni að Austurstræti 14 hér í bæ. Þeir fóru um kvöldið ásamt nokkrum stúlkum og tveimur öðrum her-mönnum á Ránargötu 50 og neyttu þar áfengis, sem þeir voru með. Þegar þetta áfengi þraut, lét O'Neal ákærða Ingvar Diðrik fá 150 krónur til að kaupa fyrir eina flösku af brennivíni. Fór ákærði

Ingvar Diðrik út og kveðst hafa keypt flöskuna, tekið hana upp og farið að drekka úr henni, og hafi það orðið til þess, að hann fór ekki aftur á Ránargötu 50. Síðar um nóttina handtóku lögreglumenn hann heima hjá sér, og var þá búið að tæma úr brennivínsflöskunni. Ákærði Ingvar Diðrik kveðst hafa keypt flöskuna á 120 krónur, en 30 krónur fóru í bifreiðarkostnað, eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Framangreint atferli ákærða Ingvars Diðriks varðar við 247. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

III.

Refsing ákærða Ingvars Diðriks Júníussonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en refsing ákærða Hauks Sigurjónssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 28. nóvember til 9. desember f. á., en ekki þykja vera ástæður til samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að draga þá varðhaldsvist frá refsingu þeirra.

Ákærðu ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna að svipta kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Ingvar Diðrik Júníusson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Theodór B. Líndal hrl., kr. 800,00 í málsvarnarlaun. Ákærða Hauk Sigurjónsson ber að dæma til að greiða skipuðum verjanda sínum í málinu, Einari Ásmundssyni hrl., kr. 800,00 í málsvarnarlaun. Annan kostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Haukur Sigurjónsson sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Ingvar Diðrik Júníusson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Theodór B. Líndal hrl., í málsvarnarlaun kr. 800,00. Ákærði Haukur Sigurjónsson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Einari Ásmundssyni hrl., í málsvarnarlaun kr. 800,00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.